

174

14. sept.

AUGLÝSING**um lokun sölubúða laugardaginn 16. september 1939.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 37 12. júní 1939, er hér með ákveðið að laugardaginn 16. sept. 1939 skuli öllum sölubúðum á landinu lokað, að undanskildum mjólkur- og brauðabúðum.

Brot gegn þessum ákvæðum varða sektum allt að 10000 krónum.

Í ríkisstjórn Íslands, 14. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

175

14. sept.

AUGLÝSING

um breyting á bráðabirgðareglugerð frá 1. september 1939, um sölu og dreifing á nokkrum vörutegundum.

Undir aðrar kornvörur, sem taldar eru í 1. gr. reglugerðar um sölu og úthlutun á nokkrum matvörutegundum, teljast þessar kornvörutegundir:

Hrísmjöl, semuliugrjón, bygggrjón, mannagrjón, maisenamjöl, og ber því að krefja skömmtunarseðils fyrir þessum kornvörutegundum.

Í ríkisstjórn Íslands, 14. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

176

14. sept.

REGLUGERÐ**um sölu á kolum til húsa.**

Samkvæmt heimild í lögum nr. 36 12. júní 1939 er hér með sett eftirfarandi reglugerð:

1. gr.

Kolaverzlanir mega eigi selja meira magn af kolum til húsa (hitunar eða matgerðar) en sem svarar til mánaðarnotkunar, og eigi til annarra en þeirra, er venjulega skipta við þá. Hafi kolaverzlanin engin kol handa viðskiptamönnum sínum, en önnur kolaverzlan er á staðnum, gefur sú fyrrnefnda viðskiptamanni sínum vottorð um, að hann sé hennar venjulegur viðskiptamaður og tilgreinir mánaðarnotkun hans. Er öðrum kolaverzlanum heimilt að afgreiða kol gegn afhendingu þessa vottorðs.

2. gr.

Einstaklingum og stofnunum er bannað að kaupa kol nema fyrri birgðir séu þrotnar og þá eigi meir en svo, að birgðir séu til eins mánaðar.

3. gr.

Allir þeir, er verzla með kol, skulu 16.—17. sept. 1939 senda skömmtunarskrifstofu ríkisins skýrslu um birgðir sínar.

4. gr.

Á öllum þeim stöðum, sem verzlauð er með kol, skal hlutaðeigandi dómari tilnefna einn mann til þess að vera eftirlitsmaður með kolaverzlun á staðnum. Getur hann veitt undanþágu frá ákvæðum 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar t. d. þar sem staðhættir eru þannig, að erfitt er með aðdrætti mánaðarlega. Eftirlitsmaður skal halda gerðabók þar sem skráðar eru allar þær undanþágur, sem gefnar verða. Áfrýja má ákvörðunum hans til skömmtunarskrifstofu ríkisins.

176

14. sept.

5. gr.

Hreppsnefndum og bæjarstjórnnum er skylt að aðstoða eftirlitsmanninn, eftir því sem þörf gerist, um upplýsingar um kolabörf, kolabirgðir o. s. frv.

6. gr.

Þóknun eftirlitsmannsins ákveður hlutaðeigandi bæjarstjórn eða sýslunefnd og greiðist hún úr hlutaðeigandi bæjar- eða sýslusjóði.

7. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10000.00, og skal farið með mál út af þeim sem almenn lögglumál.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi.

Í ríkisstjórn Íslands, 14. september 1939.

Eysteinn Jónsson. Ólafur Thors. Jakob Möller. Hermann Jónasson.

REGLUGERÐ

177

fyrir Rafveitu Hafnarfjarðar.

16. sept.

A. STJÓRN OG REKSTUR

1. gr.

Markmið rafveitunnar.

Rafveita Hafnarfjarðar er fyrirtæki, sem Hafnarfjarðarkaupstaður starfrækir í þeim tilgangi, að veita raforku um bæinn og selja hana til heimilisnotkunar, iðnaðar og annara þarfa.

Rafveitan er eign Hafnarfjarðarbæjar, en skal rekin sem sjálfstætt fyrirtæki með nafninu Rafveita Hafnarfjarðar.

2. gr.

Verksvið og orkuveitusvæði.

Rafveita Hafnarfjarðar aflar raforku til almenningsþarfa í Hafnarfjarðarkaupstað, með því að kaupa raforku af orkuveitu frá Sogsvirkjuninni eða öðrum, svo og vinna hana sjálf í orkuverum, er síðar kunna að verða reist, og veitir þeirri orku, sem þannig er keypt eða unnin, um orkuveitukerfi rafveitunnar.

Orkuveitusvæði rafveitunnar er lögsagnarumdæmi Hafnarfjarðarkaupstaðar og sá hluti nágrennis bæjarins, sem bæjarstjórn ákveður og atvinnumálaráðherra samþykkir.

Rafveita Hafnarfjarðar hefir einkarétt til sölu á raforku til notenda á orkuveitusvæði sínu.